

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Aðaldælahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Aðaldælahrepps er heimilt skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu í sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpförgunargjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er árlegt sem hér greinir:

	kr.
A) Á íbúð	6.000
B) Sumarbústaðir, hvert hús	2.000
C) Fyrirtæki samkvæmt eftirfarandi flokkun:	
Flokkur a)	20.000
Flokkur b)	30.000
Flokkur c)	40.000
Flokkur d)	50.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í gjaldflokka m.a. eftir umfangi og áætluðu magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Aðaldælahrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, og 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá nr. 197/1999.

Iðjuguði 1, 20. mars 2001.

F.h. Aðaldælahrepps,

Dagur Jóhannesson oddviti.